

fjörugan þátt í kappræðufundum, er Dakotamenn stofnuðu til á fyrri árum. Þrýðilega var hann einnig ritfær, þó hann hafi lítið gefið sig við ritstörfum.

Mjög hefir hann ætíð verið frábitinn því að gefa sig við opinberum störfum eða embættum, þótt þeim stundum væri þrengt upp á hann, mun hann hafa verið fyrstur friðdómari, er skipaður var í Nýja-Íslandi. Einnig var hann kosinn í sveitarstjórn þar og var formaður hennar (Þingráðsstjóri).

Í trúarefnum mun hugur hans snemma hafa hneigst í skynsemistrúaráttina, eins og fleiri sveitunga hans, þeirra er upplýstari voru, enda hafði hann þá tækifæri að lesa ágætar útlendar bækur um þau efni, er talsverð áhrif höfðu á hann.

Af ísl. höfundum um trúmál mun honum hafa þótt mest koma til „spekingsins með barnshjartað“ Björns Gunnlaugssonar stjarnfræðings, og mun óhætt að fullyrða að hann kann og skilur Njólu betur en nokkurt barn kverið sitt.

Ritum og kenningum spiritista, einkum frakkneskra, var hann kunnugur áður en hann flutti frá Íslandi. Hefir hann síðan ítarlega kynt sér lífsskoðun þeirra og hefir hann í aðalatriðum aðhýlt kenningar þeirra, þó hann sé móthverfur og hafi ýmigust á ýmsum blekkingum og bábyljum, er saman við þá hreyfingu hafa tvinnast og komið óorði á hana í margra augum.

Má í þeim efnum skipa honum á bekk með Einari Hjörleifssyni ritstjóra, er hann hefir ef til vill haft nokkur áhrif á í þessa átt, því sérlega féll vel á með þeim, er þeir kyntust hér vestra. Eru þeir báðir eindregnir andstæðingar „orþódoxíunnar“, en báðir í göfugum skilningi trúmenn.

Ólafur er maður friður sýnum, svipurinn hreinn og augun gáfuleg, og bregður oft fyrir glampa í þeim, er hann talar um hugðnæm efni. Er þá eins og lýsi sér í hinum broshýra viðkvæma og fjörlega andlitssvip hans hver tilfinningablær, sem hreyfir sér í sálu hans.

Mynd sú, er hér birtist af honum, er tekin af honum rétt nýlega, 72. ára. Hann er enn ungur í anda, þótt líkaminn sé farinn að stirðna.